

Hr. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra
Hafnarhúsinu v. Tryggvagötu
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi 5. maí 2014.

Efni: Krafa um viðurkenningu á bótaskyldu vegna mistaka á barnadeild LSH sem leiddu son minn Jóel Gaut Einarsson til dauða.

Bréf þetta er ritað skv. ráðleggingum Umboðsmanns Alþingis og yður er kunnugt um skv. bréfi hans til yðar dags. 10. apríl 2014 vegna þessa máls.

Atvikið átti sér stað 22. febrúar 2001 og af gögnum málsins má sjá að vitundin um mistökin sem leiddu Jóel til dauða voru til staðra strax í upphafi. Mér er kunnugt um að a.m.k. þrír læknar barnadeildarinnar vissu þetta strax án þess að það væri viðurkennt með skýrum hætti eða okkur leiðbeint um réttindi fjölskyldunnar í kjölfarið. Þetta kemur einnig fram í samtölum mínum við einn stjórnanda barnaspítalans sem jafnframt ritaði álit spítalans til landlæknis í málinu. Þar sem þessi staðreynd liggur fyrir hefði átt að ganga strax frá málinu en ekki láta mig eltast við þetta í veikum mætti í 13 ár. Ég er tilbúin að gefa frekari upplýsingar sé þess óskað.

Því miður eru vinnubrögð spítalans skaðleg þegar svona ber undir og engin sómi af þessu máli sem ég fer nú fram á að verði klárað með ákvörðun yðar um að fallast á bótaskyldu eins og Umboðsmaður leggur til.

Virðingarfyllt,

Auðbjörg Reynisdóttir
Melabraut 9
Seltjarnarnesi